

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F95/2020

Reykjavík, 10. september 2021

Þjóðskrá Íslands
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

I

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að ljúka athugun embættis míns á tilteknum atriðum varðandi skráningu lögheimilis og aðseturs og eftirlit með henni. Upphaflegt tilefni athugunarinnar voru upplýsingar í fjölmiðlum í kjölfar eldsvoðans að Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík 25. júní 2020 um að 73 einstaklingar hafi verið með skráð lögheimili í húsinu, en samkvæmt upplýsingum fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands var stærð hússins rúmir 450 fermetrar í heild. Dagana á eftir bárust fréttir sem höfðu sambærilega sögu að segja um lögheimilisskráningu tuga einstaklinga í hefðbundnu íbúðarhúsnæði.

II

Af ofangreindu tilefni var Þjóðskrá Íslands ritað bréf, dags. 6. júlí 2020, þar sem spurningum var beint til stofnunarinnar, m.a. um takmörk á því hversu margir einstaklingar séu skráðir með lögheimili á hvert hús eða íbúð og hvernig skráning lögheimilis hjá stofnuninni fer fram, einkum í þeim tilvikum þegar skráður fjöldi einstaklinga með lögheimili á staðnum fyrir er slíkur að ólíklegt sé að fleiri geti haft þar fasta búsetu. Þá var spurt að því hvaða eftirlit og viðbrögð Þjóðskrá Íslands viðhafi svo unnt sé að tryggja rétta skráningu lögheimilis og aðseturs svo og um frumkvæðiseftirlit stofnunarinnar þegar fjöldi íbúa er talinn gefa til kynna að um ranga lögheimilisskráningu geti verið að ræða.

Svar Þjóðskrár Íslands barst með bréfi, dags. 17. ágúst 2020. Nokkrum dögum síðar bárust viðbótarupplýsingar frá stofnuninni þar sem því var komið á framfæri að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefði nýverið sett á laggirnar verkefnahóp sem myndi taka til umfjöllunar óleyfilega búsetu. Verkefni hópsins væri annars vegar að fá heildaryfirsýn yfir umfang óskráðra íbúða og þar með fjölda þeirra sem búa í slíkum íbúðum. Hins vegar fælist verkefni hópsins í því að yfirfara reglur um skráningu lögheimilis og aðseturs með tilliti til óleyfisbúsetu og fjöldaskráningu í íbúðum. Fram kom að óskað hefði verið eftir þátttöku Þjóðskrár Íslands í verkefnahópnum auk þess sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefði óskað eftir aðkomu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Alþýðusambands Íslands.

Af þessu tilefni þótti rétt að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnahópinn svo unnt væri að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða áhrif verkefni hans hefðu á athugun umboðsmanns gagnvart Þjóðskrár Íslands. Í svari Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 27. september sl., kom fram að áætlað væri að hópurinn myndi skila af sér niðurstöðum innan nokkurra vikna og yrði niðurstaðan send umboðsmanni um leið og hún lægi fyrir.

Eftir ítrekanir bárust upplýsingar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun með bréfi, dags. 24. ágúst sl. Þar kemur fram að ákveðið hafi verið að rýmka vinnu hópsins og settur hafi verið á laggirnar samráðsvettvangur með helstu hagsmunaaðilum um úrbætur í brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. Með svarinu fylgdu tillögur samráðsvettvangsins um úrbætur sem afhendar voru félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Þar er m.a. lagt til við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að heimildir Þjóðskrár Íslands til þess að takmarka fjölda á skráningu lögheimilis í hverri íbúð verði endurskoðaðar. Þá er lagt til við félagsmálaráðuneytið að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sveitarfélög, fulltrúar vinnumarkaðarins og slökkvilið stærstu byggðakjarna landsins efni til sameiginlegs átaksverkefnis um að kortleggja raunstöðu óleyfisbúsetu þar sem safnað verði upplýsingum um raunverulega búsetu í atvinnuhúsnæði, ástand brunavarna og félagslegar aðstæður íbúa. Meðfylgjandi var verkefnaáætlun um kortlagninguna en gert er ráð fyrir að hún hefjist nú í september og verði lokið fyrir árslok 2021.

III


Svo sem áður greinir voru tiltekin atriði viðvíkjandi skráningu lögheimilis og aðseturs hjá Þjóðskrár Íslands og eftirlit með henni tilefni athugunar umboðsmanns. Var þá þá einkum haft í huga takmörk á því hversu margir einstaklingar séu skráðir með lögheimili á hvert hús eða íbúð, m.a. með tilliti til skráðs fermetrafjölda húsnæðisins í fasteignaskrá, en einnig eftirlit stofnunarinnar í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á að óeðlilega margir séu skráðir með lögheimili í sama

UMBOÐSMÆÐUR ALÞINGIS

húsnæði. Samkvæmt því sem fram kemur í svari Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hefur tillögu nú verið beint til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um endurskoðun á heimildum Þjóðskrár Íslands til þess að takmarka fjölda á skráningu lögheimilis í hverri íbúð. Þá stendur til áðurlýst kortlagning á óleyfisbúsetu, auk þess sem í niðurstöðum samráðsvettvangsins eru gerðar margháttaðar tillögur að úrbótum á brunavörnum þar sem fólk hefur búsetu.

Að framangreindu virtu tel ég ekki tilefni til að halda téðri athugun áfram að svo stöddu. Ég mun þó áfram fylgjast með framvindu þessara mála á almennum vettvangi og telji ég tilefni til að taka málefni þetta aftur til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, kunna þær upplýsingar sem komið hafa fram í samskiptum mínum við Þjóðskrár Íslands og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að koma til frekari skoðunar.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon